

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði í sekt til landssjóðs 100 krónur, en sæti, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 16 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfryjandinn hinum stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. dag marzmán.

Nr. 59/1910.

Einar M. Jónasson
gegn

Birni Kristjánssyni og Birni
Sigurðssyni bankastjórum
fyrir hönd Landsbankans.

D ó m u r :

Í marzmánuði 1909 sendi stjórn Landsbanka Íslands áfryjanda þessa máls, Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmann, vestur í Ólafsvík til þess að innheimta hjá bændaverzluninni Einar Markússon & Co. 15,000 kr. skuld til bankans. Til tryggingar þessari skuld lét áfryjandi kyrsetja útistandandi skuldir bændaverzlunarinnar og við þá gjörð fekk hann í hendur verzlunarbækur og ýms skjöl og skilríki, sérstaklega samninga snertandi skuldir þessar. Með umboðsskjali, dagsettu 14. apríl s. á., fól bankastjórnin

ennfremur áfrýjanda að ganga eftir 35000 kr. skuld hjá bændaverzluninni og sjálfskuldarábyrgðarmönnum hennar samkvæmt skuldabréfi, dags. 29. ágúst 1908, er bankastjórnin fekk áfrýjanda í hendur, og þetta umboð ítrekaði bankastjórnin 19. sept. s. ár. Samkvæmt þessum umboðum fór áfrýjandi í erindum bankans 4 ferðir til Ólafsvíkur og greiddi bankinn honum ferðakostnað og daglaun eftir reikningi hans. En í bréfi til áfrýjanda, dags. 31. ágúst f. á. afturkallaði bankastjórnin fyr greint umboð frá 14. apríl 1909, og skoraði á áfrýjanda að endurskila umboðs-skjalinu innan tveggja daga, og öllum skjölum, skilríkjum, verzlunarbókum og öðrum munum, er hann út af umboðsrekstrinum hafði fengið í sínar vörzlur. Þessari áskorun sinti áfrýjandi ekki, en með bréfi dags. 5. sept. f. á., sendi hann bankastjórninni reikning til bankans að upphæð kr. 4271,73, er hann kvaðst vænta að sér yrði greidd fyrir hádegi daginn eftir, og mundi hann þá skila af sér umboðinu með tilheyrandi bókum og skjölum. Með því að bankastjórnin þóttist eigi geta sint þessari kröfu, en taldi bankanum hins vegar áriðandi, að ná sem fyrst umráðum yfir áminstum verzlunarbókum, skjölum o. fl., beiddist hún aðstoðar bæjarfógetans í Reykjavík til þess að bækur þessar og skjöl o. fl. yrðu með beinni fógeta-gjörð tekin úr vörzlum áfrýjandans og fengin sér í hendur. Með úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 21. okt. f. á. á skrifstofu fógétans, var þessi krafa tekin til greina, að því leyti að gjörðarbeiðandi skyldi settur inn í umráð yfir verzlunarbókum bændaverzlunarinnar Einars Markússonar & Co., ásamt tilheyrandi skjölum og peningakassa, er væri hjá áfrýjanda og hann hafði tekið við hjá verzlun þessari, svo og í umráð yfir fyr greindu skuldabréfi

fyrir 35,000 kr. Sama dag var svo fúgetagjörðinni haldið áfram á heimili áfrýjanda, og afhenti hann þá bankastjórninni samkvæmt úrskurðinum 15 verzlunarbækur, skjala-bunka, nokkur fleiri skjöl og trékassa með 54 aur. í, er hann tjáði vera eign bænda-verzlunarinnar.

Þessum úrskurði og fúgetagjörð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. okt. f. á. og krafist þess, að hvorttveggja yrði felt úr gildi, að Landsbanki Íslands verði sektaður fyrir ólögmeta innsetningargjörð og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur í öllum greinum, og hvor krafan sem verði tekin til greina, krefjast þeir að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Fyrir frávisunarkröfunni telja stefndu þá ástæðu, að fúgetagjörðinni hafi að eins verið áfrýjað að nokkru leyti, þ. e. að eins því, er fram fór 21. okt., og þá að eins sjálfum úrskurðinum. En þetta, að úrskurðinum einum hafi verið áfrýjað, er þó ekki rétt, því að í áfrýjunarstefnunni er krafist, að fúgetagjörðin 21. okt. ásamt úrskurðinum verði feld úr gildi. Hinsvegar hefir ekki verið áfrýjað framhalds fúgetagjörð, er fram fór 24. s. m. þar er stefndu voru fengnar í hendur úr vörzlum áfrýjanda ýmsar bækur og skjöl og peningaskápur tilheyrandi bænda-verzluninni, er áfrýjandi hafði eigi framselt við fyrri gjörðina. En þó að þessari framhaldsgjörð hafi eigi verið áfrýjað, virðist það eigi geta tálmað því, að dómur verði lagður á kröfu áfrýjanda um ónýting úrskurðarins og fúgetagjörðarinnar 21. okt. Málinu verður því eigi vísað frá

yfirdómi í heild sinni, eins og stefndu hafa kræfist, en krafa áfrýjanda í sóknarskjölum hans um að fógetagjörðin 24. okt. verði feld úr gildi, getur eigi komið til álita.

Kröfu sína fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi nánar ákveðið á þá leið, að honum sé heimilt að halda í vörzlum sínum nefndum gögnum, hann hafi haldsrétt á þeim, þangað til stefndu hafi greitt honum kaup það eða endurgjald, er honum beri fyrir störf sín í þarfir bankans. Þetta endurgjald, er áfrýjandi telur sig eiga tilkall til hjá bankanum, er samkvæmt reikningi hans fyrir innheimtu á útstandandi skuldum bændaverzlunarinnar, fyrir að gera borgunarsamninga við sjálfskuldarábyrgðarmenn og viðskiftamenn verzlunarinnar, fyrir sölu á eignum hennar o. fl. Bankastjórnin heldur því aftur á móti fram, að áfrýjandi hafi fengið fulla greiðslu fyrir störf sín í þarfir bankans, er honum voru borgaðir reikningar hans fyrir 4 ferðir til Ólafsvíkur, sem fyr segir.

Sérstakan samning um umboðsreksturinn hafa málsaðilar ekki gjört, annan en umboðsskjalið, en í því er ekkert tiltekið um borgun fyrir starfið. Á annan hátt er það heldur ekki sannað gegn mótmælum stefndu, að áfrýjandi hafi áskilið, er hann tók að sér umboðið, eða stefndu heitið honum innheimtulaunum eða sölulaunum, auk þess, er honum var greitt samkvæmt reikningum hans, enda hefir áfrýjandi ekki í þessu máli sýnt fram á, að hann hafi samkvæmt umboðinu innheimt fé eða selt eignir tilheyrandi bændaverzluninni. Að vísu gjörði hann skriflega borgunarsamninga við nokkra viðskiftamenn verzlunarinnar, en þar sem áfrýjandi með úrskurðinum var undanþeginn að framselja þessa samninga, þá snertir það ekki þetta mál, þó að honum beri sérstök borgun fyrir

þá. Með því að það samkvæmt framansögðu er ósannað, að áfryjandi eigi neina þá kröfu á hendur Landsbankanum, er heimili honum rétt, eftir að umboðsmensku hans fyrir bankann er lokið, til að halda fyrir bankastjórninni verzlunarbókum þeim og skjölum, er teknar voru úr vörzlum hans með fógetagjörð 21. okt. f. á., verður að telja gjörð þessa lögmeða, og ber því að staðfesta hana, svo og hinn áfryjaða úrskurð.

Eftir málavöxtum er rétt að áfryjandi greiði hinum stefndu málskostnað og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði úrskurður og fógetagjörð skal óraskað. Áfryjandinn Einar M. Jónasson greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. dag marzmán.

Nr. 68/1910.

Ólafur Björnsson
gegn

Lárusi H. Bjarnason.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur hinn stefndi lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason gegn áfryjandanum Ólafi Björnssyni ritstjóra blaðsins Ísafoldar fyrir